

Nd.

## 232. Frumvarp

til laga um tékka.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

### FYRSTI KAPÍTULI.

#### *Um útgáfu tékka og form.*

##### 1. gr.

Í tékka skal greina:

1. Orðið tékka í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (tékkafjárhæð).
3. Nafn þess, er greiða skal (greiðslubanki, sbr. 3. gr.).
4. Greiðslustað.
5. Útgáfustað og útgáfudag tékkans, og
6. Undirskrift þess, er tékkann gefur út (útgefandi).

##### 2. gr.

Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu gr. hér á undan, og hefir skjalið þá eigi tékkagildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðslubankans, talinn vera greiðslustaður tékkans. Séu fleiri staðir en einn tilgreindir við nafn greiðslubankans, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, er nefndur er fyrstur.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur með þeim hætti, er nú var sagt, eða með öðrum hætti, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, þar sem greiðslubankinn á aðalaðsetur sitt.

Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal lita svo á, að tékkinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

##### 3. gr.

Tékka má aðeins gefa út á hendur banka eða sparisjóði, sbr. 54. gr.

Ávisanir, sem gefnar eru út á hendur öðrum en banka eða sparisjóði, hafa eigi tékkagildi, enda þótt þær fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. gr., sbr. 2. gr.

##### 4. gr.

Útgefandi skal hafa til umráða fé hjá greiðslubankanum, er honum sé heimilt, samkv. samningi við greiðslubankann, að ráðstafa með tékkum.

5. gr.

Tékki má hljóða um greiðslu:  
til tiltekings manns, hvort sem bætt er við eða eigi orðunum „eða þess, er hann framselur“,  
til tiltekings manns, með viðbótinni „eigi til framsals“ eða samsvarandi orðum, eða  
til handhafa.

Nú er tékki gefinn út til tiltekings manns, og bætt við orðunum „eða til handhafa“ eða samsvarandi orðum, og skal þá líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa.

Nú er eigi greint í tékka, hver við borgun eigi að taka, og skal þá einnig líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa.

6. gr.

Tékka má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs.

Gefa má tékka út fyrir reikning þriðja manns.

Tékka má eigi gefa út á hendur útgefanda sjálfum. Þó má gefa út tékka, er eigi hljóðar um greiðslu til handhafa, milli tveggja starfsdeilda sama banka.

7. gr.

Sé í tékka gefið loforð um vexti, skal meta það sem óskráð.

8. gr.

Tékki getur hljóðað um greiðslu hjá öðrum banka en greiðslubankanum, annaðhvort á þeim stað, þar sem hann hefir aðsetur sitt, eða á öðrum stað.

9. gr.

Nú er fjárhæð tilgreind í tékka bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð.

Sé fjárhæðin tilgreind oftár en einu sinni í tékkanum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein.

10. gr.

Séu á tékka nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig tékkaskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp, eða nafnrítanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna tékkaskuldaranna gild, þrátt fyrir það.

11. gr.

Sá, sem ritar nafn sitt á tékka fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir tékkanum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt tékkann, sama rétt og hinn myndi hafa öðlast. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt.

12. gr.

Útgefandi ábyrgist greiðslu tékkans. Hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu tékkans, skal metinn sem óskráður væri.

13. gr.

Nú er tékki eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við tékkahafann, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

## ANNAR KAPÍTULI.

### *Um framsal tékka.*

14. gr.

Tékka, sem hljóðar um greiðslu til tiltekings manns, má framselja, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt tékkinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals.

Tékki, sem hljóðar um greiðslu til tiltekings manns, með viðbótinni „eigi til framsals“ eða samsvarandi orðum, verður aðeins framseldur með því formi og með þeim áhrifum, sem gilda um almennt framsal kröfu.

Framselja má tékka einnig til útgefanda, til fyrri framseljanda eða ábyrgðarmanns. Þessir menn geta framselt tékkann aftur.

15. gr.

Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru.

Framsal á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins er ógilt.

Framsal frá greiðslubankanum er einnig ógilt.

Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal.

Framsal til greiðslubankans gildir einungis sem kvittun, nema þá er svo stendur á, að bankinn hefir fleiri starfsdeildir en eina og tékkinn er gefinn út á hendur annari starfsdeild en þeirri, sem hann er framseldur.

16. gr.

Framsal skal rita á tékkann sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það.

Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum tékkinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu siðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið tékkans eða á miða, sem við tékkann er festur.

17. gr.

Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er tékkinn veitir, til framsalshafa. Sé framsalið eyðuframsal, getur tékkahafinn:

1. fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns,
2. framselt tékkann að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða
3. afhent tékkann þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á tékkann.

#### 18. gr.

Sá, er ritað hefir framsal á tékka, ábyrgist greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð.

Hann getur lagt bann við því, að tékkinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er tékkann fá framseldan eftir það.

#### 19. gr.

Sá, sem hefir í höndum tékka, er framselja má samkv. 1. mgr. 14. gr., skal talinn réttur tékkahafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt hið síðasta framsal sé eyðuframsal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á eftir eyðuframsali, og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlazzt tékkann við eyðuframsalið.

#### 20. gr.

Nú er framsal ritað á tékka, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, og ber þá sá, sem framsalið ritaði, ábyrgð samkvæmt þeim reglum, er um fullnustu gilda, en tékkinn greiðist handhafa eftir sem áður.

#### 21. gr.

Nú hefir tékki komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa tékkans, er sannar rétt sinn með þeim hætti, sem segir í 19. gr., eða sé um tékka að ræða, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, eigi skylt að skila tékkanum, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

#### 22. gr.

Nú er lögsókn hafin út af tékka, og getur varnaraðili þá eigi borið framneinar þær varnir gegn tékkahafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu tékkann, nema því aðeins, að tékkahafi, er hann eignaðist tékkann, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

#### 23. gr.

Séu orðin „til innheimtu“ í framsali, eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð, getur tékkahafi neytt allra þeirra réttinda, er tékkinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs.

Tékkaskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn tékkahafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda.

Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar.

#### 24. gr.

Framsál, sem ritað er eftir að afsagnargerð hefir fram farið, sbr. síðustu málsgr. 40. gr., eða eftir lok sýningarfrests, hefir aðeins áhrif sem almennt framsál kröfu.

Ódagsett framsál skal talið ritað áður en afsagnargerð fór fram eða fyrir lok frests þess, er ræðir um í næstu málsgr. hér að framan, nema annað sannist.

### ÞRIÐJI KAPITULI.

#### *Um áritanir greiðslubankans á tékka.*

#### 25. gr.

Hafi greiðslubankinn látið rita á tékka áritun, er skilja má á þá leið, að tékkinn muni verða greiddur (bókað, athugað eða því um líkt), eða hafi hann látið rita nafnritun sína á framhlið tékkans, er honum skylt að leysa til sín tékkann, sé hann sýndur til greiðslu innan þess frests, sem kveðið er á um í 29. gr.

Áritanir greiðslubankans á tékka, er fela í sér viðtækari greiðsluskyldu en þær áritanir, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar gr., hafa þó eigi frekari áhrif en þar segir.

Leysi greiðslubankinn eigi tékkann til sín, er hann er sýndur honum, á tékkahafi, eins þó útgefandi sé, beina kröfu á hendur honum um greiðslu alls þess, er krefjast má samkv. 45. og 46. gr.

### FJÓRÐI KAPITULI.

#### *Um ábyrgð á tékkakröfu (aval.).*

#### 26. gr.

Tryggja má greiðslu tékka með ábyrgð á allri tékkafjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar. Ábyrgð getur tekið á sig jafnt þriðji maður sem einhver tékkaskuldaranna, að greiðslubankanum undanskildum.

Ábyrgð skal rituð á tékkann eða á miða, sem við hann er festur, og skal henni lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður“ eða með öðrum samsvarandi orðatiltækjum.

Ábyrgðin skal undirrituð af þeim, er í hana gengur. Nafnritun ein sér á framhlið tékkans skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun útgefanda sé að ræða.

Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda.

#### 27. gr.

Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk í ábyrgðina fyrir.

Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk í ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla.

Greiði ábyrgðarmaður tékka, öðlast hann allan rétt samkvæmt tékkanum gegn þeim manni, er hann gekk í ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt tékkanum bera ábyrgð gagnvart honum.

## FIMMTI KAPITULI.

### *Um sýningu tékka og greiðslu.*

#### 28. gr.

Greiða skal tékka, er hann er sýndur. Meta skal sem óskráð væri hvert það ákvæði, er í bága við þetta fer.

Enda þótt tékki sé sýndur til greiðslu fyrir þann dag, sem talinn er vera útgáfudagur hans, þá er hann þó gjaldkræfur á sýningardegi.

#### 29. gr.

Tékka, sem gefinn er út hér á landi og greiðast á innanlands, skal sýna til greiðslu innan 20 daga.

Tékka, sem gefinn er út í öðru landi í Evrópu, eða í landi, sem liggur að Miðjarðarhafinu, skal sýna til greiðslu innan 20 daga, og tékka, sem gefinn er út í annari heimsálfu, innan 70 daga.

Frestir þeir, sem að ofan greinir, skulu taldir frá útgáfudegi þeim, sem í tékkanum greinir.

#### 30. gr.

Nú er tékki gefinn út milli tveggja staða með mismunandi tímatali, og skal þá reikna út þann dag í tímatali greiðslustaðarins, er til útgáfudagsins svarar, og miða við hann.

#### 31. gr.

Afhending tékka til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

#### 32. gr.

Hafi útgefandi tilkynnt greiðslubankanum, að hann afturkalli tékkann, er greiðslubankanum eigi heimilt að innleysa tékkann, sbr. þó 25. gr.

Nú hefir tékki eigi verið afturkallaður, og er greiðslubankanum þá heimilt að innleysa hann, þótt sýningarfrestur sé liðinn.

#### 33. gr.

Nú andast útgefandi eftir útgáfu tékka eða missir hæfi til að taka á sig skuldbindingar, og varðar það engu um gildi tékkans.

#### 34. gr.

Nú greiðir greiðslubankinn tékka, og getur hann þá krafizt þess, að tékkinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun tékkahafa.

Tékkahafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta tékkafjánhæðarinnar aðeins.

Nú er nokkur hluti tékkafjánhæðar greiddur, og getur greiðslubankinn þá krafizt þess, að þeirrar greiðslu sé getið á tékkanum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni.

#### 35. gr.

Nú greiðir greiðslubankinn tékka, sem ræðir um í 1. málsgr. 14. gr., og er honum þá skylt að fullvissa sig um, að framsölin séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um það, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar.

#### 36. gr.

Hljóði tékkinn um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má, fram að lokum sýningarfrestsins, greiða fjánhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á greiðsludegi. Sé tékkinn eigi greiddur við sýningu, getur tékkahafi krafizt þess, að fjánhæðin sé greidd í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á sýningardegi eða á greiðsludegi.

Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartizka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að tékkafjánhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í tékkanum sjálfum.

Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri, ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt).

Sé tékkafjánhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem tékkinn er gefinn út, og í landi því, þar sem hann á að greiðast, eru líkurnar fyrir því, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.

## SJÖTTI KAPITULI.

### *Um strikaða tékka.*

#### 37. gr.

Útgefandi eða handhafi tékka geta strikað hann, með þeim áhrifum, sem í 38. gr. segir.

Strikunin er fólgin í því, að tvö samhliða strik eru dregin á framhlið tékkans.

Strikun er ýmist almenn eða sérstök. Almenn er strikunin, ef ekkert er skráð milli strikana eða þar eru skráð orðin „til banka“ eða samsvarandi orð. Sérstök er strikunin, ef nafn tiltekings banka er skráð milli strikana.

Breyta má almennri strikun í sérstaka strikun, en eigi sérstakri í almenna.

Strikun eða nafn hins tilgreinda banka verður eigi, svo gilt sé, strikað út aftur.

#### 38. gr.

Tékka, sem almenn strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða öðrum banka eða einhverjum viðskiptamanni sinum.

Tékka, sem sérstök strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða hinum tilgreinda banka, eða, sé það greiðslubankinn sjálfur, þá einhverjum viðskiptamanni sínum. Þó má banki sá, sem nefndur er milli strikanna, fela öðrum banka að innheimta tékkann fyrir sig.

Strikaðan tékka má banki aðeins eignast frá einhverjum viðskiptamanna sinna eða frá öðrum banka. Hann má eigi taka slíkan tékka til innheimtu fyrir aðra en þá, er nú voru nefndir.

Greiðslubankinn má eigi innleysa tékka, sem á eru fleiri en ein sérstök strikun. Þetta gildir þó eigi, séu strikanirnar aðeins tvær og önnur til innheimtu á greiðslujöfnunarstöð.

Nú gæti banki eigi ákvæða greinar þessarar, og ábyrgist hann þá tjón það allt, er af því leiðir, þó eigi með hærri upphæð en fjárhæð tékkans.

#### 39. gr.

Nú eru orðin „til reiknings“ („nur zur Verrechnung“) eða samsvarandi orðatiltæki skráð þversum á framhlið tékka, og skal tékkinn þá talinn vera strikaður.

### SJÖUNDI KAPITULI.

#### *Um fullnustu vegna greiðslufalls.*

#### 40. gr.

Sé tékki eigi greiddur, er hann er sýndur til greiðslu á réttum tíma, getur handhafi hans krafizt fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum tékka-skuldurum, enda sé greiðslufallið sannað:

- 1) með opinberri gerð (afsagnargerð),
- 2) með dagsettri yfirlýsingu greiðslubankans, ritaðri á tékkann, og sé þar tilgreindur sýningardagurinn, eða
- 3) með dagsettri yfirlýsingu frá greiðslujöfnunarstöð, um að tékkinn hafi verið afhentur þangað á réttum tíma og eigi fengizt greiddur.

Orðið „afsögn“ merkir í lögum þessum einnig yfirlýsingar þær, sem getið er um í 2) og 3) hér að framan, enda sé eigi á annan veg fyrir mælt í lögnum.

#### 41. gr.

Afsögn skal gera áður en sýningarfrestur sé liðinn.

Nú hefir tékki verið sýndur til greiðslu á síðasta degi sýningarfrestsins, og má þá afsögn gera næsta virkan dag þar á eftir.

#### 42. gr.

Tékkahafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um greiðslufallið innan 4 virkra daga eftir afsagnardag, eða, hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er



hann fékk, og greina nafn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan.

Þegar tilkynning er send tékkaskuldara samkv. því, sem fyrir er mælt í næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann skuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti.

Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt, eða tilgreint það svo, að ólæsi-legt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á tékkanum.

Sá, sem skyldur er til að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda tékkann.

Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnustu- rétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr tékkafjánhæðinni.

#### 43. gr.

Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar“, „án afsagnar“ eða því um lík athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgðarmanni, og þarf tékkahafi þá eigi að láta afsegja tékkann vegna greiðslufalls, til þess að halda fullnusturétti sínum.

Fyrirvari þessi leysir tékkahafa hvorki undan því að sýna tékkann innan frests þess, sem til þess er settur, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 42. gr. Sönnun þess, að fresturinn hafi verið látinn hjá liða, hvílir á þeim, sem bera vill það fyrir sig gagnvart tékkahafa.

Hafi útgefandi sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum tékkaskuldurum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim; er setti hann. Nú hefir tékkahafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hinsvegar settur af framseljanda eða ábyrgðar- manni, má krefja hvern tékkaskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð.

#### 44. gr.

Tékkaskuldararnir bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagn- vart tékkahafa.

Tékkahafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum mönnum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru í á tékkanum.

Sama rétt á hver tékkaskuldari, sem leyst hefir tékkann til sín.

Nú er mál höfðað gegn einum af tékkaskuldurunum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó að þeir séu á tékkanum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur.

45. gr.

Tékkahafi getur krafizt hjá þeim, er hann leitar fullnustu hjá:

- 1) þess hluta tékkafjánhæðarinnar, er eigi var greiddur,
- 2) vaxta af þeirri upphæð, 6% ársvaxta frá sýningardegi, og
- 3) kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar samkv. 42. gr. og annars kostnaðar, er hann hefir haft.

46. gr.

Sá, sem tékka leysir til sín, getur krafizt af þeim tékkaskuldurum, er á-byrgð bera gagnvart honum:

- 1) allrar þeirrar fjánhæðar, sem hann hefir greitt,
- 2) vaxta af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana, 6% i árs-vexti, og
- 3) kostnaðar, er hann hefir haft.

47. gr.

Hver sá tékkaskuldari, er krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá tékkann afhentan sér, ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð.

Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir tékkann, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljenda, sem á eftir honum koma.

48. gr.

Komi á fresti þeim, sem veittur er til sýningar tékka eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun, innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrir óviðráðanlegir atburðir, og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar þess vegna, lengjast frestirnir.

Tékkahafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar i stað tilkynningu um slíka tálmun, og geta þessarar tilkynningar á tékkanum eða á miða, sem við tékkann sé festur, og dagsetningar hennar og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðunum í 42. gr.

Jafnskjótt og tálmuninni er lokið skal tékkahafi tafarlaust sýna tékkann til greiðslu og láta afsegja hann, ef með þarf.

Vari tálmunin lengur en fimmtán daga frá þeim degi, er tékkahafi sendi síðasta framseljandanum tilkynningu um tálmunina, þá má tékkahafi leita fullnustu, án þess að nauðsynlegt sé að sýna tékkann eða afsegja hann. Gildir þetta einnig, þótt tilkynningin hafi verið send áður en sýningarfresti lauk.

Atvik, er aðeins varða tékkahafa persónulega, eða þann mann, er hann hefir falið að sýna tékkann eða afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir.

## ÁTTUNDI KAPÍTULI.

### *Um samrit tékka.*

#### 49. gr.

Gefa má tékka út í fleiri samhljóða eintökum (samritum), ef hann á að greiðast erlendis og er eigi gefinn út til handhafa. Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður tékki.

#### 50. gr.

Greiðsla samkvæmt einu af eintökum tékkans leysir undan tékkaskyldunni, þótt það sé eigi áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðslubankinn ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, sem ritað er á samkv. ákvæðum 25. gr. og honum hefir eigi verið skilað.

Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum eintök tékkans, þá ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur.

## NIUNDI KAPÍTULI.

### *Um breytingar á tékka.*

#### 51. gr.

Nú eru breytingar gerðar á texta tékka, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á tékkann eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir í samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á tékkann, eru skuldbundnir í samræmi við hinn upphaflega texta hans.

## TÍUNDI KAPÍTULI.

### *Um fyrningu tékka.*

#### 52. gr.

Kröfur tékkahafa gegn framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum fyrnast á sex mánuðum frá lokadegi sýningarfrestsins að telja.

Hafi tékkaskuldari leyst tékkann til sín, fyrnast kröfur hans gegn hinum tékkaskuldurinum á sex mánuðum, frá þeim degi að telja, er hann leysti tékkann til sín eða fyrningu var slitið gagnvart honum, sbr. 53. gr.

#### 53. gr.

Fyrningu tékka er slitið, er stefna er birt í tékkamáli, krafa gerð í máli um notkun tékkakröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, tékkakröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst

fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu tékka er og slitið, ef sá, sem sóttur er um tékka kröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á tékkanum.

Fyrningu tékka er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slitur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er tékkakrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

Fyrningu er slitið með lýsingu tékkakröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum tékkaskuldurum en þeim, sem einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningar slitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á tékkanum, er fyrningu sleit.

Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

Verði gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 48. gr., glatast tékkaréttur samt eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því, að tálmuninni lauk.

## ELLEFTI KAPITULI.

### *Almenn ákvæði.*

#### 54. gr.

Orðið „banki“ merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, svo og sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum.

#### 55. gr.

Eigi má sýna tékka til greiðslu né afsegja hann, nema á virkum degi.

Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum, og telst þá sá dagur, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestdagar til greiðslu eftir sýningu gilda eigi um tékka.

#### 56. gr.

Nú glatast tékki, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað tékkans.

57. gr.

Nú hefir fullnustukrafa fyrnzt eða glatazt fyrir vangeymslu, og er þá tékkahafa rétt að sækja tékkaskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld. Sé eigi annað gert sennilegt, skal telja, að útgefandi vinni tékkafjárhæðina tékkahafa úr hendi.

## TÓLFTI KAPITULI.

*Um það, hve útlend lög koma til greina.*

58. gr.

Hvort erlendur maður sé þess umkominn að ganga undir tékkaskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir tékkaskyldur samkv. ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er samt sem áður skuldbundinn hér á landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefir verið þess umkominn að skuldbinda sig.

59. gr.

Um það, á hendur hverjum tékki verði gefinn út, skal dæmt eftir lögum þess lands, þar sem tékkann á að greiða. Þó er tékki, sem út er gefinn í öðru landi en greiðslulandinu, aldrei ógildur af þeirri ástæðu, að hann sé gefinn út á hendur einhverjum þeim, er eigi getur verið greiðandi tékka að lögum greiðslulandsins.

Nú er skjalið eigi gildur tékki samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, og hefir það ógildi þess þó engin áhrif á gildi skuldbindinga, sem á það eru ritaðar í öðru landi, enda væri skjalið gildur tékki að þess lands lögum.

60. gr.

Um form tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skuldbindinguna var gengizt. Þó er nægilegt, að þeirra fyrirmæla hafi verið gætt, er gilda á greiðslustaðnum.

Nú er tékkaskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er ritað undir skuldbindingu, og leiðir þá ógilding hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild.

61. gr.

Um áhrif tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir hana var gengizt.

62. gr.

Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem tékkinn var gefinn út, hver tékkaskuldaranna sem hlut á að máli.

63. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem tékki á að greiðast, um þessi atriði:

1. Hvort greiða skuli tékka við sýningu eða hvort tékki verði gefinn út til greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, svo og, hver áhrif það hafi, að tékki er dagsettur eftir á.
2. Sýningarfrest.
3. Hvort samþykkja megi tékka eða rita á hann athugasemd um, að hann sé bókaður, athugaður eða því um líkt, svo og, hver áhrif slíkar áritanir hafi.
4. Hvort tékkahafi geti krafizt greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins eða sé skylt að taka við slíkri greiðslu.
5. Hvort tékki verði strikaður, eða hvort rita megi á hann athugasemdina „til reiknings“ („nur zur Verrechnung“) eða aðra þesskonar athugasemd, svo og, hver áhrif strikunin eða athugasemdirnar hafi.
6. Hvort handhafi tékka eigi sérstakan rétt yfir fé því, sem ætlað er til greiðslu tékkans, og ef svo er, hver sá réttur hans sé.
7. Hvort útgefandi geti afturkallað tékka eða gert ráðstafanir til að stöðva greiðslu hans.
8. Hverjar ráðstafanir megi gera, ef tékki tynist eða er stolið.
9. Hvort afsögn sé nauðsynleg til varðveislu fullnusturéttar á hendur fram-seljendum, útgefanda eða öðrum tékkaskuldurum.

64. gr.

Um form afsagnargerðar og frest til hennar, svo og um form annara gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að tékkarétti verði beitt eða hann varðveittur, skal fara eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram.

65. gr.

Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf um það efni.

ÞRETTÁNDI KAPÍTULI.

*Um afsagnargerðir o. fl.*

66. gr.

Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina.

67. gr.

Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef tékkinn er fenginn honum.

68. gr.

Sé afsagnar á sama tékka krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð.

69. gr.

Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni.

Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beitt, eftir því sem við á, um sýningu tékka til greiðslu.

70. gr.

Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af tékkanum og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir.

Á tékkann skal rita vottorð um afsagnargerðina.

71. gr.

Færa skal afsagnargerð orðrétt inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi.

Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

72. gr.

Um mál, sem sótt eru til fullnustu tékkakröfu, fer sem um víxilmál.

73. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög um tékkávisanir, nr. 38 8. nóv. 1901. Þó skal síðastnefndum lögum beitt um tékka, er út voru gefnir áður en lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Tékkar eru að mörgu leyti áþekkir víxlum. Hvorttveggja eru viðskiptabréf, er miklu máli skipta nú á tímum. Tékkunum er að visu ætlað að nokkru leyti annað hlutverk en víxlunum, þar sem þeir eiga að vera borgunarskjal aðeins, en ekki láns skjál, eins og víxlar oft eru. En alstaðar gilda um tékka að miklu leyti sömu reglur og um víxla. Svo er einnig að núgildandi lögum hér á landi. Lög nr. 38 8. nóv. 1901 hafa að geyma ýmsar reglur um tékka, er hlið-

stæðar eru reglunum um vixla, auk þess að þau vísa beinlínis til ýmsra ákvæða vixillaganna og kveða svo á, að þeim skuli einnig beitt um tékka.

Tékkar eru, eins og vixlar, notaðir mjög í viðskiptum milli landa nú á tímum. Því var það, að nauðsyn þótti til þess bera að samrýma tékkalög þjóðanna sem mest um leið og vixillög þeirra voru samrýmd. Eftir að samþykktin um vixilrétt hafði verið gerð í Geneve 7. júní 1930, var gerð önnur samskonar samþykkt um tékkalög, í sama bæ, hinn 19. marz 1931. Var sú samþykkt undirrituð af hálfu 20 ríkja, þar á meðal Norðurlandaríkjanna fjögurra, Þýskalands, Frakklands, Ítalíu og Spánar. Síðan hafa nokkur önnur ríki fallizt á samþykktina. Samþykktinni fylgdi frumvarp að tékkalögum, og skuldbundu aðilar sig til þess að haga tékkalöggjöf sinni eftir því. Er frv. þetta sniðið mjög eftir frv., er fylgdi vixilréttarsamþykktinni. Norðurlandapjóðirnar sömdu hin nýju tékkalög sín í sameiningu, og nálega samhljóða, enda voru tékkalög þeirra, nema Finnlands, áður samhljóða. Er hér fylgt hinum nýju norrænu tékkalögum, enda eru og hin núgildandi lög vor um þetta efni ekki annað en þýðing á norrænu tékkalögum.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

## FYRSTI KAPITULI.

### *Um útgáfu tékka og form.*

#### Um 1. gr.

Svarar til 1. mgr. 1. gr. tékkal. 1901, og er hér tekið fram, hver formskilyrði tékka séu, sbr. og 2. gr. Eru ákvæði þessi hliðstæð 1. gr. frv. til vixill., og má vísa til athugas. um þá gr.

#### Um 2. gr.

Gr. er hliðstæð 2. gr. frv. til vixill. Er hér einnig gerð nokkur takmörkun á því, að tékki sé ógildur vegna formgalla. Til 2. mgr. svarar að nokkru leyti 3. mgr. 1. gr. tékkal., en þó fer frv. hótí lengra, í 4. mgr., því ákvæði hennar leiða til þess, að tékki er gildur, þótt enginn greiðslustaður sé nefndur í honum.

#### Um 3. gr.

Hér er um mikilsverða nýjung að ræða. Skv. tékkal. má gefa tékka út á hendur hverjum sem er, og er þetta í samræmi við eldri tékkalögin norrænu. Í enskum og þýzkum rétti voru aftur á móti þær ávísanir einar taldar tékkar, er gefnar voru út á hendur peningastofnunum, og var þessi regla tekin upp í Geneve-frv. Ástæður þess voru í stuttu máli þessar: Tékkar eru og eiga aðeins að vera borgunarskjöl. Þeir eiga að vera til þess, að hægt sé að spara gjaldeyri. Sá, er greiða þarf öðrum manni fé, sparar sér að liggja með handbæra peninga með því að ávísar á innstæðu, sem hann á annarsstaðar. Yfirleitt eru það aðeins peningastofnanir, sem hafa að jafnaði svo mikið fé í sjóði, að þær geti leyst inn ávísanir, svo að nokkru nemi, auk þess sem þær



standa betur að vígi en aðrir um lúkningu slíkra ávísana með millifærslu. Ávísanir á peningastofnanir verða líka að jafnaði fremur teknar í greiðslustað en ávísanir á aðra. Reynslan hefir einnig sýnt það, að þar sem tékka mátti gefa út á hendur hverjum sem skyldi, hafa samt varla tíðkapt aðrir tékkar en þeir, sem gefnir voru út á peningastofnanir, og hér á landi munu aðrir tékkar alls ekki hafa tíðkapt.

Um 4. gr.

Samskonar ákvæði er eigi í tékkal. og er í rauninni óþarft, en réttara þótti þó að taka það í Geneve-frv. Enginn vafi hefir þótt á því hingað til, að ólöglegt væri að gefa tékka út á enga innstæðu, og hefir það verið talið varða refsingu skv. 253. gr. hegnl., sbr. hæstaréttardóm 11. maí 1925. Þá hefir og enginn vafi verið talinn á því, að eigi mætti gefa út tékka á innstæðu, án þess að samningur, beinn eða óbeinn, væri um það við þann mann, er innstæðan stóð hjá. Loks hefir það eigi verið talið hafa nein áhrif á tékkagildi skjalsins, þó engin væri innstæðan, og verður um þessi atriði öll engin breyting við þessa gr. frv.

Um 5. gr.

Gr. er í samræmi við núgildandi lög, sbr. 2. og 3. gr. tékkal. og 9. gr. víxill.

Um 6. gr.

Gr. er hliðstæð 3. gr. frv. til víxill. og er í samræmi við núgildandi rétt, sbr. 2. gr. víxill., nema hvað 2. mgr. er nýmæli, eins og samsvarandi ákvæði í 3. gr. frv. til víxill.

Um 7. gr.

Samhljóða 5. mgr. 1. gr. tékkal.

Um 8. gr.

Svarar til 4. gr. frv. til víxill. Talið hefir verið, að heimilt sé að vista tékka að núgildandi lögum, sbr. 4. gr. víxill.

Um 9. gr.

Svarar til 6. gr. frv. til víxill., og visast til aths. við þá gr.

Um 10. gr.

Svarar til 7. gr. frv. til víxill., sbr. 88. gr. víxill. og 3. gr. tékkal.

Um 11. gr.

Svarar til 8. gr. frv. til víxill.

Um 12. gr.

Svarar til 9. gr. frv. til víxill., að öðru en því, að eigi verður að ræða um neina ábyrgð útgefanda á samþykki tékka.

Um 13. gr.

Svarar til 10. gr. frv. til víxill.

## ANNAR KAPITULI.

### *Um framsal tékka.*

#### Um 14. gr.

Svarar til 11. gr. frv. til vixill. Þess skal þó getið, að ef greiðslubankinn hefir ritað á tékkann skv. 25. gr., og með því bakað sér skyldu til að greiða hann, þá verður tékkinn þó eigi framseldur honum, sbr. og 15. gr., og er því sá munur á þessum reglum og samsvarandi reglum um víxla, að um framsal til greiðanda getur ekki verið að ræða.

#### Um 15. gr.

1., 2. og 4. mgr. svara til 12. gr. frv. til vixill.

Ákvæði 3. og 5. mgr. eru sérákvæði um tékka, og eru þau í samræmi við 6. gr. tékkal.

#### Um 16. gr.

Svarar til 13. gr. frv. til vixill.

#### Um 17. gr.

Svarar til 14. gr. frv. til vixill.

#### Um 18. gr.

Svarar til 15. gr. frv. til vixill., að öðru en því, að hér verður eigi um ábyrgð á samþykki að ræða.

#### Um 19. gr.

Svarar til 1. mgr. 16. gr. frv. til vixill., með þeirri breytingu einni, að gr. þessi tekur eigi til tékka, sem gefnir eru út til handhafa, og leiðir það af ákvæðum 20. gr.

#### Um 20. gr.

Samkv. þessari gr. má eigi breyta tékka, sem gefinn var út til handhafa, í nafnbref með framsali til tiltekins manns. Er hér vikið frá því, sem nú gildir skv. 5. gr. tékkal. Þetta ákvæði var tekið upp í Geneve-frv. af hentugleikaástæðum, til þess að starfsmenn bankanna, er daglega fá fjölda tékka milli handa, þyrftu eigi að tefja sig á að athuga framsölin á bakhlið tékkans, er þeir sæju, að hann hefði verið gefinn út til handhafa.

#### Um 21. gr.

Svarar til 2. mgr. 16. gr. frv. til vixill., með þeirri breytingu, sem leiðir af því, að tékka má gefa út til handhafa.

#### Um 22. gr.

Svarar til 17. gr. frv. til vixill.

#### Um 23. gr.

Svarar til 18. gr. frv. til vixill.

Um 24. gr.

Svarar til 20. gr. frv. til vixill., með þeim afbrigðum, er leiðir af því, að tékki á jafnan að greiðast við sýningu.

### ÞRIÐJI KAPITULI.

*Um áritanir greiðslubankans á tékka.*

Um 25. gr.

Samkv. 8. gr. tékkal. er samþykki, sem ritað er á tékka, þýðingarlaust. Sama regla er í 4. gr. í Geneve-frv., en þó var aðilum samþykktarinnar leyft að mæla svo fyrir, að áritanir af hálfu greiðslubankans á tékka hefðu skuldbindandi gildi fyrir bankann að nokkru leyti, þó eigi yrðu þær metnar sem fullkomið samþykki. Norðurlandþjóðirnar töldu rétt að nota þessa heimild samþykktarinnar, og þykir rétt að lögleiða samskonar reglu hér á landi. Slik áritun á tékka, sem hér um ræðir, er einkar hagkvæm, þegar tékkar eru notaðir til greiðslu milli manna, er búa sinn á hvorum stað. Viðtakandi getur þá treyst því, að tékkinn verði greiddur, hafi á hann verið ritað, og getur því óhultari tekið hann sem gilda borgun.

### FJÓRÐI KAPÍTULI.

*Um ábyrgð á tékkakröfu (aval.).*

Um 26. og 27. gr.

Vafasamt hefir þótt, hvort ákvæði 87. gr. vixill., um ábyrgð á vixilkröfu, gildi um tékka. Í Geneve-frv. voru tekin samsvarandi ákvæði um tékka að þessu leyti og sett eru um vixla í frv. til vixill. Þótti rétt að hafa þessar reglur sem líkastar um tékka og um vixla. Má því um gr. þessar vísa til athugasemdanna við 30.—32. gr. í frv. til vixill. Eina breytingin, sem hér er gerð, er sú, að greiðslubankanum er bannað að taka ábyrgð á tékka. Er það gert til þess að koma í veg fyrir, að ábyrgð greiðslubankans verði notuð sem samþykki á tékkanum, og í því sambandi er rétt að taka það fram, að áritun skv. 25. gr. er hvorki samþykki eða ábyrgð á tékkanum.

### FIMMTI KAPÍTULI.

*Um sýningu tékka og greiðslu.*

Um 28. gr.

1. mgr. er í samræmi við það, sem ákveðið er í 2. mgr. 1. gr. tékkal.  
2. mgr. er hinsvegar nýmæli. Af ýmsum ástæðum getur það komið fyrir, að útgefandi dagsetji tékka síðar en hann er gefinn út, t. d. af því hann á þá eigi fé inni í bankanum, en á bráðlega von á því, eða af því að hann vill lengja

gildistíma tékkans. Fyrri atriðið fer í bága við 4. gr. þessa frv., og er útgáfa tékka með þessum hætti varhugaverð á margan veg. Vegna viðtakanda tékkans þótti þó ekki rétt að mæla svo fyrir, að tékkar þessir skyldu vera ógildir, en hitt þótti rétt að taka fram, að þeir skyldu greiðast við sýningu, hvað sem útgáfudeginum liði, og leiðir af því, að útgefandi verður að bera alla áhættu af því, að tékkinn er sýndur fyrir en hann ætlast til.

#### Um 29. gr.

Gr. þessi kemur í stað 10. gr. tékkal., og eru sýningarfrestrirnir hér ákveðnir nokkuð frábrugðnir því, er nú gildir. Frestrirnir eru hér ávallt fastákveðnir, og er það framför frá því, sem nú er, er fresturinn m. a. fer eftir því, hve langan tíma það tekur að senda tékkann frá útgáfustað til fyrsta viðtakanda og þaðan aftur til greiðslustaðarins, en oft mun vera vafasamt, hvernig þá tímalengd eigi að telja. Gr. er annars í samræmi við 29. gr. Geneve-frv., nema hvað frestur til sýningar innanlandstékka er settur 20 dagar, í stað 8 daga, og er þar fylgt því, sem er í Norðurlandalögunum.

#### Um 30. gr.

Svarar til 2. mgr. 37. gr. frv. til vixill. Þó er þess að geta, að þar sem 2. mgr. 37. gr. frv. til vixill. þokar fyrir því, ef öðruvísi er ákveðið í vixlinum, þá er þetta ákvæði frv. þessa ófrávikjanlegt, sem leiðir af því, að sýningarfrestrir hafa ólíka þýðingu um tékka og um vixla.

#### Um 31. gr.

Samhljóða 2. mgr. 38. gr. frv. til vixill.

#### Um 32. gr.

Hér er kveðið svo á, að útgefandi geti bannað greiðslubankanum að greiða tékkann, þó eigi ef bankinn hefir ritað á tékkann skv. 25. gr., og jafnfr. í 2. mgr., að bankanum sé heimilt að greiða tékka, sem eigi hefir verið afturkallaður, þótt sýningarfrestur sé liðinn. Um hvorugt þetta eru ákvæði í nógildandi lögum, en þetta hefir hvorttveggja verið talið leiða af samningi útgefanda tékkans og greiðanda, Með gr. er ekkert um það sagt, hvort útgefanda sé gagnvart tékkahafa heimilt að afturkalla tékkann, né hvaða ábyrgð hann bakar sér gagnvart honum með afturkölluninni.

#### Um 33. gr.

Samskonar regla er ekki í tékkal., en ástæða þótti til að taka þetta fram hér, svo að eigi væri vafi á því, að umboð það til greiðanda, er í tékkanum felst, héldi gildi sínu, þrátt fyrir atvik þau, er gr. nefnir.

#### Um 34. gr.

Gr. svarar til 39. gr. frv. til vixill. og er í samræmi við 3. gr. tékkal., sbr. 37. og 38. gr. vixill.

#### Um 35. gr.

Gr. svarar til síðara liðs 3. mgr. 40. gr. frv. til vixill. og er í samræmi við nógildandi lög, 3. gr. tékkal., sbr. 39. gr. vixill.

Um 36. gr.

Gr. svarar til 41. gr. frv. til vixill.

## SJÖTTI KAPÍTULI.

*Um strikaða tékka.*

Um 37.—39. gr.

Í 7. gr. tékkal. eru ákvæði um strikun tékka, og eru þau sniðin eftir reglum ensks réttar um *crossed checks*. Þessi ákvæði tékkal. eru þó of ónákvæm. Í Geneve-frv. voru tekin ýtarlegri ákvæði um þetta, og þá jafnframt tekið tillit til þýzks réttar (tékkar nur zur Verrechnung). Er hér eigi þörf á að skýra einstök atriði í ákvæðum þessum; þess skal aðeins getið, að tilgangur þeirra er sá, að auka gildi tékka og gera þá öruggari. Sé strikuðum tékka stolið eða týnist hann, er auðveldara að varna því, að þjófurinn eða finnandinn geti fengið hann innleystan en ef hann væri óstrikaður.

## SJÖUNDI KAPÍTULI.

*Um fullnustu vegna greiðslufalls.*

Um 40. gr.

Gr. kemur í stað ákvæðanna í 9. gr. tékkal. og er að öllu verulegu í samræmi við þau.

Um 41. gr.

1. mgr. er í samræmi við 9. gr. tékkal., en 2. mgr. er nýmæli, og er skv. því stundum heimilt að afsegja tékka að sýningarfresti liðnum, og svarar það ákvæði til síðara liðs 2. mgr. 44. gr. frv. til vixill., um sýningarvixla.

Um 42. gr.

Svarar til 45. gr. frv. til vixill.

Um 43. gr.

Svarar til 46. gr. frv. til vixill.

Um 44. gr.

Svarar til 47. gr. frv. til vixill.

Um 45. gr.

Svarar til 48. gr. frv. til vixill., með þeim afbrigðum, er leiðir af því, að vextir greiðast eigi af tékka fyrir gjalddaga, að tékki á að greiðast við sýningu, og að þóknunar verður eigi krafizt.

Um 46. gr.

Svarar til 49. gr. frv. til vixill., nema hvað þóknunar verður eigi krafizt.

Um 47. gr.

Svarar til 50. gr. frv. til vixill.

Um 48. gr.

Svarar til 54. gr. frv. til vixill.

#### ÁTTUNDI KAPÍTULI.

##### *Um samrit tékka.*

Um 49. gr.

Svarar til 1. og 2. mgr. 64. gr. frv. til vixill. Þó er heimildin til að gefa út samrit tékka nokkru þrengri en til að gefa út samrit vixla, enda er þörfin á útgáfu þeirra minni.

Um 50. gr.

Svarar til 65. gr. frv. til vixill.

#### NÍUNDI KAPÍTULI.

##### *Um breytingu á tékka.*

Um 51. gr.

Svarar til 69. gr. frv. til vixill.

#### TÍUNDI KAPÍTULI.

##### *Um fyrningu tékka.*

Um 52. gr.

Gr. er hliðstæð 2. og 3. mgr. 70. gr. frv. til vixill. og kemur í stað ákvæðanna í 3. sbr. 11. gr. tékkal. Breytingar eru þó nokkrar gerðar hér. Fyrningarfresturinn er þannig ávallt 6 mán., og telst fyrningarfrestur á kröfum tékka-hafa frá lokadegi sýningarfrests, en eigi frá útgáfudegi tékkans, svo sem ákveðið er í 11. gr. tékkal.

Um 53. gr.

Svarar til 71. gr. frv. til vixill., nema hvað niðurlagsákvæði 1. mgr. 71. gr. er ekki tekið upp hér, þar sem ekki er um neitt samþykki á tékka að ræða.

## ELLEFTI KAPÍTULI.

### *Almenn ákvæði.*

#### Um 54. gr.

Þess var getið í aths. við 3. gr., að sú nýjung er tekin upp með henni, að telja þær ávísanir einar tékka, sem gefnar eru út á peningastofnun, banka. Hér er það nánar skýrt, hverjar stofnanir skuli taldar vera bankar. Þótti ekki þörf á að hafa það viðtækara en svo, að undir það féllu: 1) bankar, sem stofnaðir eru með sérstökum lögum, og mundi það ákvæði eiga við alla þá banka, er nú starfa hér á landi; 2) bankar, sem starfa samkv. sérstakri lagaheimild, og er þar það haft í huga, að bankar, er heimild hefðu til starfsemi samkv. almennum bankalögum, er hér kynnu að verða sett, féllu hér undir; loks eru 3) sparisjóðir, sem staðfestingu hafa fengið í samþykktum sínum, sbr. l. nr. 44 3. nóv. 1915.

#### Um 55. gr.

Svarar að öllu verulegu til 72. gr. frv. til víxill.

#### Um 56. gr.

Svarar til 1. mgr. 73. gr. frv. til víxill.

#### Um 57. gr.

Svarar til 74. gr. frv. til víxill.

## TÓLFTI KAPÍTULI.

### *Um það, hve útlend lög koma til greina.*

#### Um 58.—65. gr.

Gr. svara til 12. kap. frv. til víxill., með þeim afbrigðum, er leiðir af mun þeim, sem er á tékkum og víxlum.

## ÞRETTÁNDI KAPÍTULI.

### *Um afsagnargerðir.*

#### Um 66.—71. gr.

Í gr. þessum eru sett samskonar ákvæði um afsögn tékka og sett eru um afsögn víxla í 15. kap. frv. til víxill.

#### Um 72. gr.

Svarar til 15. gr. tékkal.

#### Um 73. gr.

Þarf eigi skýringar.